

FORSÆTISNEFND

Ár 2023, föstudaginn 17. febrúar, var haldinn 319. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:05. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir og Marta Guðjónsdóttir. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Sanna Magdalena Mörtudóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsl. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Líf Magneudóttir, Magnús Davíð Norðdahl og Sabine Leskopf. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Ólöf Magnúsdóttir og Bjarni Þóroddsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 21. febrúar 2023. MSS23010044
Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
 - a) Umræða um samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar)
 - b) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun ákvæða samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins
 - c) Umræða um hlutfall félagslegs húsnæðis í borginni (að beiðni borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands)
 - d) Umræða um orsakir skólaforðunar og viðbrögð skólayfirvalda og fagfólks (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
 - e) Umræða um hvernig borgarstjórn endurheimti traust almennings (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna, Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar)
 - f) Umræða um málefni Árbæjar og Norðlingaholts (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)
 - g) Kosning í menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
 - h) Kosning í stafrænt ráð
 2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. febrúar 2023, varðandi breytt veikindaleyfi Guðnýjar Maju Riba varaborgarfulltrúa Samfylkingarinnar. MSS22110190
- Kl. 11:05 vikur Ólöf Magnúsdóttir af fundi.
 - Kl. 11:15 vikur Líf Magneudóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 11:29

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magnea Gná Jóhannsdóttir
Sabine Leskopf

Marta Guðjónsdóttir